

**Nd.**

**266. Framvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 75, 28. nóv. 1919, um skipun barnakennara og laun þeirra.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. gr.

Stafliður e í 9. gr. nefndra laga orðist svo:

Farskólakennarar og eftirlitskennarar við heimafræðslu hafa í árslaun 500 kr., auk ókeypis fæðis, húsnæðis, ljóss, hita og þjónustu þá 6 mánuði ársins, sem skólinn stendur.

## 2. gr.

Í stað síðari málslíðar fyrri málsgreinar 11. gr. kemur:

Helmingur þeirra launa, sem talin eru í d-lið sömu greinar, greiðist af ríkisfje, en helmingur úr sveitarsjóði. Til farkennaralauna samkvæmt e-lið greiðast úr ríkissjóði 350 kr., en úr sveitarsjóði 150 kr., auk þeirra hlunninda, sem farkennarar njóta.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1929.

## Greinargerð.

Ár frá ári hefir þeim kennurum, sem próf hafa tekið úr kennaraskól-  
anum, fækkað, er taka vilja að sjer farkenslu í sveitum, vegna hinna lágu  
launa og vaxandi samkeppni annara atvinnugreina, sem miklum mun hærri  
laun greiða. Má búast við, að nokkur lagfæring fáist á þessu með launa-  
hækkun, þó ekki nemi meiru en hjer er farið fram á. Sjálfsagt er, að sú 200  
kr. hækkun, sem hjer um ræðir, sje öll greidd úr ríkissjóði, því sveitirnar hafa  
til þessa verið mjög afskiftar um tillag úr ríkissjóði til barnakenslu, þar sem  
þær hafa verið einar um að greiða fæði, húsnæði, ljós, hita og þjónustu. Þau  
hlunnindi farkennara eru lágt metin á 500 kr. Hafa sveitarfjelög þurft að  
greiða til kennara síns 650 kr. móti 150 kr. úr ríkissjóði, en til fastra skóla í  
þorpum og kaupstöðum greiðir ríkissjóður helming og þriðjung allra launa.  
Eftir frumvarpinu verður tillag ríkissjóðs 350 kr., en sveitanna 650 kr., þegar  
hlunnindin eru metin á 500 kr., og er af því bert, að ekki er að fullu rjettur  
hlutur sveitanna, þó nokkru sje bættara við þessa breytingu. Á yfirstandandi  
skólaári hafa alls verið settir eða skipaðir 115 farkennarar, en það er óvenju-  
lega margt. Nemur því breyting sú, sem í frv. felst, árlega 20—25 þús. kr.  
fyrir ríkissjóð, en það má, eins og áður er bent á, teljast aðeins nokkur hluti  
af vangoldnu barnafræðslutillagi til sveitanna.